



SAMKEPPNIS
EFTIRLITIÐ

Dagvöruverð á Íslandi

Þróun og alþjóðlegur samanburður

Umræðuskjal - Rit nr. 1/2026



Kallað eftir umræðu um stöðuna og mögulegar aðgerðir

Í umræðuskjali þessu er varpað ljósi á dagvöruverð á Íslandi og verðþróun í samanburði við önnur Evrópulönd.

Samkeppniseftirlitið gefur nú fyrirtækjum á dagvörumarkaði og öðrum áhugasömum kost á að setja fram sjónarmið varðandi efni umræðuskjalsins.

Óskað er eftir því að sjónarmið berist eigi síðar en 30. júní nk.

Samkeppniseftirlitið kallar eftir sjónarmiðum og skýringum á háu matvælavæðri og þeim hækkunum sem orðið hafa undanfarin ár, sbr. umfjöllun hér á eftir.

Jafnframt kallar Samkeppniseftirlitið eftir sjónarmiðum um mögulegar aðgerðir sem stuðlað geta að lægra dagvöruverði, s.s.:

- ábendingum um möguleg brot á samkeppnislögum,
- ábendingum sem nýtast við rannsóknir á frekari samrunum á dagvörumarkaði og
- ábendingum um hindranir af hálfu hins opinbera.

Þá óskar Samkeppniseftirlitið eftir tillögum um hvers konar aðrar aðgerðir sem stuðlað geta að lægra dagvöruverði.

Efnisyfirlit:

Um athugun á dagvörumarkaði	3
Fyrri athuganir á dagvörumarkaði	4
Samanburður á dagvöruverði hér á landi og annars staðar í Evrópu – aðferðafræðin	5
Matvara er 55% dýrari á Íslandi en ESB-ríkjum	6
Dagvöruverð mjög mishátt í einstökum Evrópulöndum	7
Hér á landi hefur dagvöruverð hækkað mikið hraðar en í samanburðarlöndum	8
Ísland er í sérflokki á meðal auðugari Evrópulanda þegar kemur að verðhækkunum árin 2020-2025	9
Verðmunur gagnvart ESB-löndum er ólíkur eftir vöruflokkum	10
Verð á mjólk og kjöti er hátt hér á landi í samanburði við önnur lönd	11
Kjöt hefur hækkað meira en aðrar matvörur hér á landi	12
Miklar hækkanir á kjöti og mjólk miðað við samanburðarlönd	13
Lambkjöt hefur hækkað mun meira í verði en önnur kjötvara	14





Um athugun á dagvörumarkaði

Samkeppniseftirlitið hefur hafið athugun á dagvörumarkaði sem miðar að því að greina mögulegar samkeppnishindranir og finna mögulegar lausnir á þeim. Jafnframt er athuguninni ætlað að auðvelda ákvarðanir um forgangsröðun frekari rannsókna á dagvörumarkaði.

Íslensk heimili verja töluverðum hluta útgjalda sinna í dagvörur, en matur og drykkjarvörur veða rúmlega **15% í vísitölu neysluverðs**. Neytendur hafa því gríðarlega hagsmuni af því að virk samkeppni ríki á dagvörumarkaði.

Athugunin tekur til smásölu, innflutnings og framleiðslu dagvara. Á þessu stigi er athuguninni ætlað að varpa betra ljósi á eftirfarandi:

- Verðþróun dagvara hér á landi í samanburði við Evrópulönd (**viðfangsefni þessa umræðuskjals**).
- Þróun álagningar smásala, innflytjenda og afurðastöðva síðustu ár. Einnig sundurliðað eftir tilteknum lykilverum.
- Verðmunur frá birgjum til stærri dagvörukeðja samanborið við verð til smærri dagvöruverslana (verðmismunun).
- Mögulegar hindranir á samhliða innflutningi.
- Þáttur flutningskostnaðar í dagvöruverði og samkeppnishindranir í flutningum sem hafa áhrif á dagvöruverð.

Ítarlegri upplýsingabeðið hefur verið beint til dagvörukeðja og birgja, ásamt mjólkur- og kjötafurðastöðvum. Gagnaskil standa nú yfir.

Samhliða mun Samkeppniseftirlitið funda með lykilyfirtækjum á markaði, ásamt hagsmunasamtökum á vettvangi neytenda.

Fyrri athuganir á dagvörumarkaði

Mögulegar samkeppnishindranir á vettvangi dagvörumarkaða hafa margsinis verið rannsakaðar af hálfu Samkeppniseftirlitsins og hefur m.a. reynt á markaðsráðandi stöðu smásala (Hagar) og birgja, undirverðlagningu dagvara, samninga milli birgja innbyrðis og við endurseljendur, sem og ýmis önnur álitafni.

Einnig hafa fjölmargir samrunar fyrirtækja á dagvörumarkaði verið tilkynntir eftirlitinu, í flestum tilvikum heimilaðir, en í nokkrum tilvikum hafa samrunum verið sett skilyrði eða þeir ógiltir. Mörgum samrunum á dagvörumarkaði hafa fylgt fyrirheit um aukna hagræðingu sem skila myndi sér í lægra dagvöruverði til neytenda.

Jafnframt hefur Samkeppniseftirlitið fylgst með og sett fram sjónarmið um löggjöf er varðar framleiðslu landbúnaðarvara hér á landi. Hefur veruleg samþjöppun átt sér stað á síðustu árum, einkum á meðal afurðastöðva og fyrirtækja í innflutningi dagvara. Þeim aðgerðum hafa einnig fylgt fyrirheit um bættan hag neytenda.

Þá er rétt að vekja athygli á eftirfarandi skýrslum:

- Skýrsla nr. 1/2012, **Verðþróun og samkeppni á dagvörum**. Fjallað um verðhækkanir og aðgangshindranir á dagvörumarkaði, sem m.a. mátti rekja til mismunandi viðskiptakjara birgja (verðmismunun). Sjá skýrslu [hér](#).
- Skýrsla nr. 1/2015, **Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði**. Fjallað um verðhækkanir undanliðin ár og m.a. bent á að verð á innfluttum vörum hefði ekki lækkað til samræmis við styrkingu krónunnar. Í skýrslunni er að finna leiðbeiningar til fyrirtækja á dagvörumörkuðum í 39 tölusetnum liðum, sem byggja á fyrri úrlausnum samkeppnisyfirvalda og e.a. dómstóla. Sjá skýrslu [hér](#).
- Skýrsla nr. 3/2022, **Þróun framlegðar árin 2017-2022 á lykilmörkuðum**. Bent á að álagning hér á landi væri há í erlendum samanburði sem vakti spurningar um samkeppnislegt aðhald. Í framhaldi af skýrslunni var tilmælum beint til stjórnvalda um leiðir til að efla samkeppni. Sjá skýrslu [hér](#).




Samanburður á dagvöruverði hér á landi og annars staðar í Evrópu - aðferðafræðin

Við samanburð við útlönd er stuðst við gögn frá Eurostat*, en einnig horft til gagna frá Hagstofu Íslands.

Í greiningunni er borið saman verðlag og þróun dagvöruverðs á Íslandi og í Evrópulöndum í heild.


Einnig er varpað ljósi á hvernig Ísland stendur gagnvart sex eftirfarandi Evrópulöndum:

- Nágrannalöndin **Danmörk, Svíþjóð, Finnland og Noregur**, eru öll tiltölulega lítil hagkerfi í alþjóðlegu og evrópsku tilliti með svipaða samfélagsskipan og hér á landi. Þrjú fyrstnefndu eru innan ESB, en Noregur, líkt og Ísland stendur utan tollabandalags ESB.
- Annað nágrannaland, **Írland**, er einnig tiltölulega lítið og landfræðilega aðskilið hagkerfi í evrópskum samanburði og aðstæður á Íslandi og Írlandi sambærilegri en í flestum löndum á meginlandinu.
- **Sviss** stendur utan ESB og innan EFTA, líkt og Ísland og Noregur, en er ekki aðili að EES-samningnum. Sviss hefur lengi verið eitt dýrasta land í heimi.



*Gögnin sem stuðst er við í gegnum þessa greiningu eru fengin úr gagnagrunni Eurostat, ECB, og Hagstofu Íslands. Nánar: (1) Eurostat, [prc_ppp_ind_1](#) fyrir árið 2024, reiknað fram til loka árs 2025 með HICP úr viðeigandi flokki; (2) Eurostat, [prc_hicp_minr](#), fyrir tímabilið 01-01-2020 til 31-12-2025; (3) Hagstofa Íslands [VIS1300](#) og [VIS1306](#) og (5) [ECB fx rates](#). Lang stærsti hluti dagvöru eru matvörur. Þar sem [prc_ppp_ind_1](#) gögn Eurostat eru ekki brotin niður í dagvöruflokk er notast við COICOP18 flokkinn Matvara (011) í greiningunni fyrir dagvöru.

Verðlag dagvöru umfram meðaltal ESB landa, hjá samanburðarlöndum árið 2025



Heimild: Eurostat og útreikningar SKE

Dagvara er 55% dýrari á Íslandi en í ESB ríkjum

Dagvara er langdýrust í EFTA-löndunum, samanborið við ESB-lönd.

Hún er;

- dýrust í Sviss, m.v. árið 2025, eða 58% yfir meðaltali ESB-landa;
- næst dýrust á Íslandi, eða 55% yfir meðaltali; og
- í Noregi er dagvara 32% dýrari.

Talsverður munur er á dagvöruverði á Norðurlöndum, þar sem dagvöruverð á Íslandi sker sig úr, en dagvöruverð í Svíþjóð og Finnlandi er einungis 6% yfir meðaltali ESB-landa.

Fyrir rúmum tuttugu árum var verð á matvöru á Íslandi 42% hærra en meðaltal í ESB, sbr. [umfjöllun á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins](#) í lok árs 2005. Ísland hefur því fjarlægst meðaltal Evrópu verulega á síðustu tveimur áratugum.

Dagvöruverð er mjög mishátt í einstökum Evrópulöndum


Þegar horft er landakort Evrópu og frávik frá meðaltali dagvöruverðs í ESB löndum í heild, kemur eftirfarandi í ljós:

- Lönd með innan við 10% (+/-) frávik frá meðaltalinu teygja sig allt frá Portúgal, Spáni og Grikklandi, upp miðja Evrópu og norður til Svíþjóðar og Finnlands, auk Estrasaltslandanna.
- Lönd með meira en 10% hærra verðlag, m.v. meðaltal, eru vestan megin í álfunni, þ.e. Danmörk, Noregur, Írland og Ísland, auk Sviss.
- Lönd með meira en 10% lægra verðlag raða sér síðan austast í álfunni.


Rétt er að hafa í huga að löndin vega eðli máls samkvæmt misþungt í meðaltalinu. Samanburður við Evrópu í heild er því að talsverðu leyti samanburður við stærstu lönd Evrópu.

Uppsafnað hlutfall landsframleiðslu ESB landa

Heimild: Eurostat og útreikningar SKE



Stóru löndin vega mest í ESB meðaltölum og með því að bera saman Ísland við ESB er að miklu leyti verið að bera Ísland saman við Þýskaland, Frakkland, Ítalíu og Spán, sem telja samanlagt 61% af landsframleiðslu ESB.




Heimild: Eurostat og útreikningar SE.

Hér á landi hefur dagvöruverð hækkað mikið hraðar en í samanburðarlöndum


Dagvöruverð hér á landi hefur hækkað langt umfram samanburðarlöndin sex á tímabilinu 2020 til 2025, ekki síst á síðustu misserum.

Dagvöruverð í Sviss hefur lítið hækkað á tímabilinu, en verðbólga hefur almennt verið lág þar í landi.

Í Noregi hefur verð hækkað talsvert minna en hér á landi.



Uppsöfnuð breyting á matarverði 2020-2025



Heimild: Eurostat

Ísland er í sérflokki á meðal auðugari Evrópulanda þegar kemur að verðhækkun dagvara árin 2020-2025


Ísland sker sig úr meðal auðugra Evrópuríkja þegar litið er til verðhækkana frá 2020 til 2025. Uppsöfnuð verðhækkun nam 46%, sem er töluvert meira en á hinum Norðurlöndunum og á Írlandi.

Verðhækkun hér á landi er því líkari því sem þekktist í mörgum ríkjum Austur-Evrópu, heldur en í þeim löndum sem standa okkur nær og Ísland ber sig jafnan saman við.


Uppsöfnuð verðhækkun á Íslandi var mest meðal samanburðarlanda 2020-2025 (%)

Land	Uppsöfnuð verðhækkun
Ísland	46%
Svíþjóð	35%
Noregur	32%
Danmörk	29%
Írland	25%
Finnland	22%
Sviss	3%
ESB	37%

Heimild: Eurostat



Verð á matvöru á Íslandi umfram meðaltal ESB-landa 2025*



*Flokkarnir sem notaðir eru í greiningunni byggja á COICOP18 kerfinu sem bæði Hagstofa Íslands og Eurostat notast við. **Flokkurinn „Mjólkurvörur og egg“ (0114) samanstendur að mestu af mjólkurvörum. Á Íslandi er vigt flokksins um 2,5% í vísitölu neysluverðs og þar af eru mjólkurvörur u.þ.b. 2,3%, en egg 0,2%.

Verðmunur gagnvart ESB-löndum er ólíkur eftir vöruflokkum

Mestur verðmunur er á mjólk og kjöti en minnstur í ávöxtum og fiski.

Athyglisvert er í þessu sambandi að bera saman grænmeti annars vegar og mjólk og kjöt hins vegar. Í framhaldi af tilmælum samkeppnisyfirvalda árið 2001 felldu stjórnvöld niður verðtoll af innflutningi grænmetis og tóku þess í stað upp annars konar stuðning við innlenda bændur. Í mjólk og kjöti hefur samkeppnislögum hins vegar verið vikið til hliðar til þess að skapa rými fyrir samþjöppun og samráð á meðal afurðastöðva.



Verð á mjólk og kjöti er hátt hér á landi í samanburði við önnur lönd

Vægi mat- og drykkjarvöru í neysluútgjöldum almennings er um 15%. Dýraafurðir eru einn þriðji af mat- og drykkjarvöruútgjöldum almennings og því um mjög mikilvægan vörflokka að ræða.


Mjólkurvörur eru hvergi dýrari en á Íslandi eða 92% dýrari en meðaltal ESB. Kjötvörur er næst dýrastar hér á landi, eða 74% dýrari en meðaltal ESB. Dýrast er kjötið í Sviss, eða 113% dýrara en í ESB almennt.

Verð á mjólkur- og kjötvörum er áberandi dýrast í samanburðarlöndunum sem standa utan ESB. Athygli vekur að verð á kjöt- og mjólkurvörum í Noregi er miklu nær meðaltali ESB en hér á landi, þrátt fyrir miklar aðgangshindranir.

Hér hefur talsvert vægi að í hinum samanburðarlöndunum, þar á meðal í Noregi, er samkeppnislögum beitt til að koma í veg fyrir samkeppnishamlandi samruna og skaðlegt samráð í landbúnaði.

Einungis á Íslandi er því þannig háttað að afurðastöðvum er heimilað að sameinast án þess að samkeppnisyfirvöld geti gripið inni. Og einungis hér á landi er afurðastöðvum heimilað að hafa með sér samráð, án tillits til þess hvort afurðastöðvar séu í eigu eða undir stjórn bænda.


Verð á dýraafurðum umfram meðaltal ESB-landa 2025



Heimild: Eurostat og útreikningar SKE

Verðþróun nokkurra matvörflokka á Íslandi frá 2020 til maí 2026

Heimild: Hagstofa Íslands



Kjöt hefur hækkað meira en aðrar matvörur hér á landi

Fram til ársins 2022 fylgdi verðhækkun á kjöti verðþróun í flestum öðrum vörflokkum, en eftir 2022 hefur hækkan á kjöti verið viðvarandi meiri en í öðrum vörflokkum.

Verð á mjólkurvörum hefur hækkað heldur meira en matvara í heild.

Sykur og sætindi hafa hækkað síðustu misseri sem mögulega má rekja til hækkunar á heimsmarkaðsverði á hráefni.

Verð á ávöxtum hefur sveiflast meira en aðrir samanburðarflokkar, en heildarhækkunin í þeim vörflokki er rúmlega 32% á tímabilinu.



Miklar hækkunar á kjöti og mjólk miðað við samanburðarlöndin

Verðhækkunar á kjöti hér á landi héldust í hendur við flest nágrennalöndin fram til ársins 2023. Eftir það hefur kjöt hækkað langt umfram nágrennalönd. Aukin samþjöppun og undanþágur frá samkeppnislögum eru líklegustu skýringarnar.


Athygli vekur að eftir að löggjafinn ákvað að taka eftirlit með samrunum og samráði kjötafurðastöðva úr sambandi á árinu 2024 hefur munur milli Íslands og nágrennalanda aukist enn frekar.

Verð á mjólkurvörum hefur hækkað mest hér á landi, samanborið við nágrennalöndin, en er þó í námunda við verðhækkunar í Svíþjóð og Danmörku.


Í Noregi, sem einnig er auðugt en strjálbýlt norðlægt land sem stendur utan ESB, hefur verð á mjólk hækkað rétt tæplega helmingi minna og verð á kjöti hækkað rétt tæplega þriðjungu minna.

Þar í landi, líkt og í öðrum nágrennalöndum er samkeppnislögum beitt til að hindra samkeppnishamlandi samruna og samráð afurðastöðva, en því er ekki að heilsa hér á Íslandi.


Uppsöfnuð breyting á verði á kjötvöru 2020-2025 í samanburðarlöndum



Uppsöfnuð breyting á verði á mjólk 2020-2025 í samanburðarlöndum



Próun verðhækkunar á kjöti á Íslandi



Heimild: Hagstofa Íslands

Lambakjöt hefur hækkað mun meira í verði en önnur kjötvara

Tölur Hagstofunnar, sem ná til maí 2026, sýna að kjötvörur hafa hækkað um 67% frá árinu 2020. Á sama tímabili hækkaði verð á matvöru almennt um 49%.

Lambakjöt er þó sér á báti. Á tímabilinu hækkaði vísitalan fyrir flokkinn lamba-, geita og kindakjöt um 91%. Mestar hækkanir hafa orðið á lambakjöti eftir að löggjafinn heimilaði samkeppnishamlandi samruna og samráð kjötafurðastöðva.



